

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þorvaldur Þórðarson	Dagsetning:	17. apríl 2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	15:00 – 15:45

Pátttakendur: Þorvaldur Þórðarson (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Hilmar Vilberg Guðjónsson (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (sérgreinadýralækna hrossasjúdóma).

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- a. Óðalsatferli, fæðunám og félagskerfi laxfiska í ám: Stöðugleiki og mótun (ár 3 og 4). Ætlunin að mæla á endurtekinn hátt, óðalsstærð, fæðuhætti, og félagsatferli ungra laxfiska, og dreifingu þeirra, og kanna hvernig atferli einstaklinga breytist við ólíkar aðstæður.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

- b. Merking villtra (náttúrulegra) laxfiska með innvortis hljóðsendimerkjum. Kortlagning á farleiðum laxaseiða og sjóbirtings úr Leirvogsa, Úlfarsá og Elliðaám vegna mats á áhrifum Sundabrautar á far og búsvæðanotkun laxfiska og fylgjast með ferðum þeirra um áhrifasvæði fyrirhugaðrar Sundabrautar.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

2. Áverkar á keppnishrossum.

Málinu frestað.

3. Blóðmerahald.

Málinu frestað.

Sigríður Björnsdóttir vék að fundi að loknum 3. dagskrárlið.

4. Hreindýraveiðar, erindi frá Ole Anton/Jarðarvinum.

Rætt var um ályktun Fagráðs frá 5. mars 2019. Lagt fyrir að fá Alfreð Schiöth og Rán Þórarinsdóttir frá Náttúrustofu Austurlands til að koma á fund ráðsins til að upplýsa fundarmenn um stöðu mála.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:45. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 15. maí 2024 kl. 13.00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.